

Nd.

629. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 8. sept. 1931, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Öll er nefndin sammála um það, að hlynna beri að auknum útflutningi á ísvörðum fiski og að bátaútveginum sé hin brýnasta nauðsyn að geta notið hans. Hinsvegar er nokkur ágreiningur í nefndinni um aðferðir til að bæta úr þeirri nauðsyn og ryðja braut fyrir almennari útflutning kælifiskjar en verið hefir. Meiri hluti nefndarinnar (BÁ, BKr og SvÓ) hallast að þeirri stefnu, sem frv. markar og lögin frá 8. sept. 1931. Minni hlutinn (JJós og GÍ), sem undirritar álit þetta með fyrirvara, áskilur sér rétt til að bera fram breytingar-tillögur við frv. og lítur svo á, að ihlutun ríkisvaldsins um útflutninginn eigi aðeins að ná til ábyrgðar á skipaleigu fyrir útflutningsfélög, sem í framkvæmd-

ir ráðast, og skapa þeim þannig vildari leigusamninga, en sé að öðru leyti eigi nauðsynleg. Mun stefnu- og skoðanamunur þessi hjá meiri og minni hluta skýrast frekar við umræður.

Alþingi, 3. maí 1932.

Sveinn Ólafsson, form., frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., með fyrirv.	Guðbr. Ísberg, með fyrirv.
B. Kristjánsson.	Bjarni Ásgeirsson.	